

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Nefndarsvið@althingi.is

Kópavogi 8.12.2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um viðspyrnustyrki, þingskjal 390, 334. mál.

Vegna frumvarps um viðspyrnustyrki langað Deloitte ehf. að koma eftirfarandi punktum að sem vonandi verður til að auka skilvirkni og skilning á málinu.

Deloitte fagnar því að rammi sé settur utan um rekstraraðila, sem styður við þá á þessum erfiðu tímum og geta leitt til þess að fleiri aðilar muni geta stigið hraðar upp.

Í 4. gr. frumvarpsins eru greind öll skilyrðin sem rekstraraðilar þurfa að uppfylla. Það eru tvö atriði sem vert er að gaumgæfa sérstaklega.

Atriði 1.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjufall þurfi a.m.k. að hafa numið 60%. Þetta prósentuhlutfall kemur aðeins á óvart þegar litið er til þeirra skilyrða sem fram koma í lögum um tekjufallsstyrki, þar sem viðmiði er 40%. Ekki er að finna í greinagerðinni með frumvarpinu nein rök sem styðja við ólíka nálgun í þessum tveimur styrkjum. Bent skal á að viðspyrnustyrkjum er ætlað að taka við af tekjufallsstyrkjum og því þarf samræmis að gæta á milli. Umrætt 60% tekjufall er verulega mikið tekjufall, en það er 50% einnig, sem og 40%, en síðan er spurning hvort gera megí einhvers konar línulega skilgreiningar um tekjufall upp á tilgreindu hlutfalli sem þá fær fullan styrk. Þannig má leggja fram sem hugmynd að þeir sem eru með tekjufall, sem dæmi, undir 20% fái ekki styrk en hlutfall verði t.d. frá 20% upp að 40%, en þá komi til fullur styrkur. Slík nálgun væri þá frekar til samræmis við tekjufallsstyrki, en opnar jafnframt á þá aðila sem hafa orðið fyrir tekjufalli en falla algerlega á milli þar sem þeir ná ekki lágmarkinu.

Atriði 2

Seinna skilyrðið sem vert er að gaumgæfa er að félag sé ekki í slita- eða gjaldþrotameðferð. Það er eðlilegt að ekki sé unnt að styðja við rekstraraðila sem er í gjaldþrotameðferð. Þegar kemur að slitameðferð vakna spurningar. Ef verið er að slíta félagi og ekkert annað stendur til en að leggja reksturinn niður, þá er þetta skiljanlegt skilyrði. Hins vegar kemur þetta skilyrði í veg fyrir að fyrirtæki geti umbreytt rekstri sínum t.d. með samruna eða skiptingu svo vel sé. Það er því mikilvægt að opnað sé á þá heimild að ef félag er í samrunaferli eða skiptingarferli, að þau réttindi sem áður tilheyrðu annarri kennitölu haldi áfram að vera virk til að gæta hagsmuna allra.

Nefna má dæmi, þar sem rekstraraðili var sameignarfélag (sf) og ætlunin var að færa reksturinn yfir í ehf. Umbreyting sf. félags í ehf. er gerð með slitum sf. félagsins og verðmætin færð inn í ehf. félagið. Undir þessum kringumstæðum er afstaða Skattsins sú, að þetta flokkist sem slit og því leiðir það til þess að félagið verður áfram sf. félag og sú hagræðing sem fyrirhuguð var, verður ekki fyrir en Covid-19 er lokið, eða tekið verði sérstaklega á því að umbreyting félags sé eðlilegur þáttur í umbreytingarrekstri og ætti því að vera heimil. Hlutfjárukning sem fyrirhuguð var í ehf. vegna slita sf. félagsins verður þar af leiðandi ekki til staðar. Heimild af þessum toga myndi jafnframt hvetja eigendur til að skoða hagræðingu án þess að eiga það á hættu að fá ekki þá styrkveitingu sem í boði er, ef þeir halda áfram óbreyttu ástandi. Hagræðing fyrirtækja, samruni og önnur umbreyting er því nauðsynlegur þáttur í viðspyrnu fjölmargra fyrirtækja og má í dæmaskyni nefna ferðaþjónustuna.

Að öðru leyti

Það er afar mikilvægt að opna vel á þá setningu í frumvarpinu um að; „Við sérstakar aðstæður má nota annað tímabil til viðmiðunar sýni rekstraraðili fram á að það gefi betri mynd af tekjufalli hans en viðmiðunartímabil skv. 1. – 2. másl.“

Hér er vísað til þess að miða megi við sama almanaks mánuð 2018 til samanburðar og til mats á tekjufalli rekstraraðilans. Þetta er nýmæli sem ber að fagna, því það getur verið mjög mikilvægt að geta sett fram annað tímabil en hefðbundið er, þ.e. sama tímabilsmánuð og árið áður. Hér verður að tryggja skýran vilja Alþingis þannig að stjórnvöld setji ekki fram þröskulda við mat á hvaða tímabil skuli miða við, en með umsókninni væri hægt að hafa slíka gátt til að geta tilgreint samanburðartímabilið, án þess að fá sjálfvirka neitun úr tölvukerfum stjórnsýslunnar.

Bent skal á í dæmaskyni, rekstraraðila í ferðaþjónustu sem rak gistiheimili árið 2018 og fór í mjög miklar framkvæmdir árið 2019 og hafði þannig engan rekstur það ár. Flestum starfsmönnum gistiheimilisins var sagt upp á haustmánuðum 2018 og ráðning nýrra stjórnenda hófst seint á árinu 2019 og fram til vormánaða 2020. Fjöldi starfsmanna var ráðinn til vinnu í ársbyrjun 2020, þar sem gert var ráð fyrir að hefja rekstur hótels, eftir endurbætur þann 14. apríl 2020. Bókanir voru nokkuð góðar fyrir sumarið, en þegar ljóst var að ekki yrði opnað vegna áhrifa COVID-19, var tekin sú óhjákvæmilega ákvörðun að fækka starfsmönnum aftur. Þessi aðili uppfyllir öll skilyrði laga um greiðslu í uppsagnarfresti, utan þess að hafa ekki haft tekjur á árinu 2019. Aðilanum var því synjað sjálfkrafa um að hann uppfyllir ekki skilyrði um greiðslu launa í uppsagnarfresti. Hjá Skattinum hafa fengist þau svör að ekki séu lagaskilyrði til að meta önnur tímabil vegna tekjufallsstyrkja. Hér er aðili sem hefur lagt verulega fjármuni í uppbyggingu og fjárfestingar á árinu 2019 en fær ekki tekjufallsstyrki og því mikilvægt að opna fyrir möguleikann að viðkomandi geti fengið viðspyrnustyrki.

Þar sem rekstraraðilar eru með fjölþættan rekstur getur tekjufall í einum hluta komið sér mjög illa en vegna þess að rekstur samstæðunnar er á sömu kennitölu nær félagið ekki því lágmarks tekjufalli sem krafist er og fellur utan styrkja. Það er mörg dæmi um slíkt fyrirtæki, sem hafa þurft að segja upp miklum fjölda starfsmanna í ferðaþjónustu, en fá ekki tekjufallsstyrk vegna þess að heildartekjufall á kennitölu nær ekki lágmarkinu. Ekki er víst að þau falli frekar undir skilyrði um viðspyrnustyrki ef lágmarkið verður hækkað svo mikið eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Að lokum

Við mat á viðspyrnustyrk er um að ræða 90% styrk af rekstrakostnaði, en aldrei hærra en sem nemur tekjufallinu. Þá er jafnframt miðað við 400 þús eða 500 þús eftir því hvernig tekjufallið er. Af þeim fyrirspurnum sem hafa borist til Deloitte virðist vera óljóst hvenær eigi að miða við hvaða reglu. Nefndarmenn mættu skoða þessi skilyrði út frá því hvenær eigi að miða við 90% styrk og hvenær eigi að miða við starfsmannafjölda, eða hvort það sé valkvætt fyrir rekstraraðilann, sem væri í raun betri nálgun því það kann að vera mismunandi hvernig starfsmenn koma inn í reksturinn, þótt kostnaður sé til staðar í fyrirtækinu.

Ef frekari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið samband við Pétur Stein Guðmundsson lögfræðing hjá Skatta- og lögfræðiráðgjöf Deloitte, ps@deloitte.is

Virðingarfyllst,



Pétur Steinn Guðmundsson
Lögfræðingur